

Umsögn Vestmannaeyjabæjar um frumvarp til breytinga á lögreglulögum, 739. mál.

Vestmannaeyjabær gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Vestmannaeyjabær leggst eindregið gegn þeim grundvallarbreytingum sem fram koma í frumvarpinu og felur það í sér að:

- a. löggæslan verði skilin frá sýslumannsembættunum þrátt fyrir að þar sé um áratuga gamalt fyrirkomulag að ræða sem víða hefur gefist vel.
- b. Að sýslumönnum verði fækkað úr 24 í 8 þrátt fyrri að þeir gegni ríku hlutverki í stjórnsýslu í héraði og nærumhverfi íbúa.

Minnt er á að sveitarstjórnir víða um land hafa mótmælt því harðlega að áfram skuli haldið með þá hugmynd að sameina lögregluumdæmi landsins og aðskilja þau frá sýslumannsembættum. Þá er einnig rétt að halda því til haga að fulltrúar sveitarfélaga hafa átt fundi með þingmönnum vegna þessa. Slíkir fundir hafa bent til þess að meðal þingmanna séu hugmyndir um slíkan aðskilnað vægast sagt umdeildar.

Vestmannaeyjabær telur að landfræðileg sérstaða Íslands sé með þeim hætti að ekki sé vænlegt að gefa sér það sem útgangspunkt í breytingum á lögreglulegum að sömu lausnir henti öllum þeim ólíku landshlutum og byggðarlögum sem í landinu eru. Víða eru samgöngur með þeim hætti að einangrun getur varað sólarhringum saman. Jafnvel undir kjöraðstæðum liggja samgöngur við stór samfélög algerlega niðri megin hluta sólarhringsins.

Lykilstaða í nærsamfélagi

Sýslumenn og lögreglustjórar gegna lykilstöðum samfélagsins þegar vá steðjar að og mikilvægt að umboð það sem hjá þeim liggur sé í nærumhverfi. Af þeim sökum hefur ítrekað reynst farsælt að hafa embættin sameinuð þegar ekki hefur reynst foresenda fyrir staðsetningu hvorutveggja í nærumhverfinu. Minnt skal á að lögreglustjóri er jafnframt yfirmaður almannavarna. Hann stýrir öllum aðgerðum og undirbúningi allra öryggismála fyrir fjölmennar ferðamannahátíðir. Hann er ábyrgur fyrir samstarfi allra þeirra aðila sem veita bráðaaðstoð í margskonar vá allt frá eldgosi yfir til heimsfaraldurs innflúensu. Lögreglustjóri fer með ákærvaldið og hann stýrir löggæslu í einöngruðu nærsamfélagi. Það er algerlega fráleitt að allt þetta og meira til sé mögulegt að gera á markvissan máta af embættismanni í mikilli fjarlægð sem ekki tengist samfélaginu og hefur ekki þekkingu á staðháttum.

Sparnaður er sýnd veiði en ekki gefin

Auk þessara faglegu raka skal á það bent að ekki hefur verið sýnt fram á sparnað af hugmyndum um aðskilnað sýslumannsembætta og embætta lögreglustjóra. Hinsvegar hefur verið varað við því að þessar hugmyndir myndu valda auknum kostnaði fyrir íslenska ríkið og það á tímum sparnaðar. Að lokum er rétt að vara við háleitum hugmyndum um sparnað af sameiningu lögregluembætta. Vönduð úttekt fjármálaráðuneytisins sem gefin var út í skýrslu í desember 2008 leiddi í ljós að reynsla íslenskrar stjórnsýslu er að flestu sambærileg við reynslu annarra ríkja bæði vestanhafs sem og í Evrópu þegar kemur að sameiningu ríkisstofnana. Í skýslunni segir á bls. 5:

...sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skila sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika.“

Sparnaður verður að vera á forsendum íbúa

Vestmannaeyjabær telur að þrátt fyrir ofangreind varnaðarorð sé hægt að hagræða í rekstri sýslumannsembættta með sameiningu þeirra. Við slíka endurskoðun verður þó fyrst og fremst að horfa til þarfa íbúa á svæðunum. Eðli sýslumannsembættta er slíkt að ekki verður um villst hversu mikilvægt er að litið sé á þjónustu sýslumanna sem nærþjónustu með greiða aðkomu íbúa að þjónustunni.

Hinar dreifðu byggðir eru viðkvæmar fyrri breytingum þeim sem nú eru boðaðar

Þá er og afar mikilvægt að hin fámennari svæði njóti í öllum tilvikum vafans þegar kemur að ákvörðun um sameiningu embættta. Störf af því tagi sem hér um ræðir eru af skornum skammti á landsbyggðinni og mynda embættin því ákveðinn hornstein af þjónustuneti hins opinbera og margfeldisáhrifin af þjónustunni og störfunum eru gríðarleg.

Sporin hræða

Lögregluumdæmunum var seinast fækkað 2007 og enn er ekki búið að gera hlutlausa úttekt á áhrifum þess á þjónustu lögreglu. Þrátt fyrir að nú sé lagt fram frumvarp þar sem ganga eigi enn lengra í sömu átt þá hefur engin tilraun verið gerð til að meta hagkvæmni, skilvirkni eða áhrif í löggæslu. Margir, sem fækka vilja lögregluumdæmunum telja að með því að fækka lögreglustjórum náist að fjölga lögreglumönnum. Þessi hugsun er góðra gjalda verð, en hver er reynslan? Staðreyndin er sú að fækkunin hefur verið mest á þeim stöðum þar sem sýslumannsembættin hafa verð lögð af.

| Staður eða þéttbýliskjarni | Starfandi lögreglumenn | |
|----------------------------|------------------------|--------|
| | 1997* | 2011** |
| Siglufjörður | 4 | 1 |
| Ólafsfjörður | 2 | 2 |
| Vík í Mýrdal | 2 | 0 |
| Neskaupsstaður | 2 | 1 |
| Hólmavík | 1 | 2 |
| Patreksfjörður | 4 | 4 |
| Bolungarvík | 2 | 0 |
| Búðardalur | 1 | 0 |
| Höfn í Hornafirði | 3 | 4 |
| Samtals | 21 | 14 |

Fækkun um 33%

Er nema von að sporin hræði fyrir fólk úti á landi? Hefur einhver spurt fólk á þessum stöðum hvort löggæsla hafi batnað í þeirra plássi? Því miður virðist það viðtekin venja þegar stjórn og ákvarðanatöku fer frá stöðum úti á landi þá er afleiðingin fækkun og sparnaður sem bitnar á þeim stöðum fremur en öðrum

Niðurstaða

Af ofangreindum ástæðum telur Vestmannaeyjabær að horfa þurfi sérstaklega til hvers svæðis fyrir sig en ekki reyna að sníða öllum svæðum sama stakk. Grunnforsendan ætti ekki að vera að fækka embættum heldur að veita hámarks þjónustu fyrir lágmarks kostnað.

Það er skoðun Vestmannaeyjabæjar að eðlileg grunnforsenda væri að ekki tæki meira en 90 mínútur fyrir amk. 90% íbúa svæðisins að sækja þjónustu embættissýslumanns innan þjónustusvæðisins. Þá skal sérstaklega litið til sérþarfa landsvæða sem búa við landfræðilega einangrun.

Vestmannaeyjabær leggur til að frumvarpinu verði hafnað.

Elliði Vignisson

Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum